

Íslensku-
 lykillinn

Íslenskuprep

Víkin	1. þrep	2. þrep	3. þrep	4. þrep	5. þrep	6. þrep	7. þrep	8. þrep	9. þrep	10. þrep
-------	---------	---------	---------	---------	---------	---------	---------	---------	---------	----------

Þrep	Bekkur	Víkin - hæfniviðmið/markmið	Grunnfærni - áherslur	Námsefni - Víkin
	Víkin	Hljóðainnlögn. Unnið með hljóðkerfisvitund og hlustunarskilning.	Vekja áhuga á stöfum og þekja hljóð. Kunn að skrifa nafnið sitt.	<i>Lubbi finnur málbein.</i> Markviss málörvun. Þórarinn Eldjárn - þulur og ljóð. Sagan af Herjólfri og Vilborgu. *Hljóm 2
Þrep 1	1. bekkur .	1. bekkur - hæfniviðmið/markmið	Áherslur 1. bekkur	Námsefni, 1. bekkur
		Stafainnlögn. Ná 1. viðmiði MMS. Efla lesfimi.	Þekja hljóð og stafi stafrófsins. Geti lesið einföld og léttan texta. Draga rétt til stafs. OAO -orðaskjóða	Leið til læsis. Lestrarland, Listin að lesa og skrifa. Sögurammi - Skilaboðaskjóðan *Bohem - hugtakapróf. *Lesfimi fyrir 1. bekk.
Þrep 2	2. bekkur	1.- 4. bekkur - talað mál, hlustun og áhorf - hæfniviðmið við lok 4. bekkjar	Áherslur, 2. bekkur	Áherslur í kennslu/námsefni, 2. bekkur
		Beitt skýrum og áheyrilegum framburði, tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu. Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið. Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni. Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi. Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.	Stafrófið, sérhljóð og samhljóð. Stór/lítill stafur. Draga rétt til stafs. Efla lesfimi og lesskilningur. OAO - orð dagsins, orðaskjóða, krossglíma.	<i>Ritrún 2, Sögurammi - Risaeðlur, Örkin hans Nóa. Sögurammi - Fuglabjargið.</i> Leið til læsis.
Þrep 3	3. bekkur.	1.-4. bekkur - lestur og bókmenntir - hæfniviðmið við lok 4. bekkjar	Áherslur, 3. bekkur	Námsefni, 3. bekkur
		Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr. Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi. Tengd þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess. Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings. Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð	Kunna stafrófið, stór/lítill stafur, sérhljóðar og samhljóðar, sérnöfn og samnöfn, eintala og fleirtala, samheiti og andheiti, byrja setningu á stórum staf, svara	<i>Sögusteinn, Ritúrún 3, Borgarmúsi og Sveitarmúsi, Lesrún 1. Sögurammi - Nýir nágrannar, Saga af Suðurnesjum.</i>

		börnum. Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap. Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu. Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi. Lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum. Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.	spurningum í heilum setningum, draga rétt til stafs, bil á milli orða, stafir sitji á línu. OAO - orð dagsins, orðaskjóða, krossglíma- endurbirting. Efla lesfimi.	Kynnist kyni nafnorða (kk-kvk-hk), Kynnist reglunni um n/nn, kynnist reglunni um tvöfalda samhljóða, kynnist lýsingar- og sagnorðum
Þrep 4	4. bekkur	1.- 4. bekkur - ritun og málfræði - hæfniviðmið við lok 4. bekkjar	Áherslur, 4. bekkur	Námsefni, 4. bekkur
		Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega. Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi. Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð. Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi. Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis. Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu. Skrifað og leyft öðrum að njóta. Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska. Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein. Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag. Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða. Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu. Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta. Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta. Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki. Gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.	Nafnorð, kyn, tala, greinir, lýsingarorð sagnorð. Draga rétt til stafs. Sögugerð - upphaf - miðja-endir. OAO - orð dagsins, orðaskjóða, krossglíma- endurbirting. Læra valin ljóð. Efla lesfimi og lesskilningur.	<i>Óskasteinn, Skinna 1 - gb. (fyrri hluti) og vb. 1., Lesrún 2. PALS Sögurammi - Blómin á þakinu.</i>
Þrep 5	5. bekkur	5. bekkur - hæfniviðmið - markmið	Áherslur, 5. bekkur	Námsefni, 5. bekkur
		Tjáð sig skýrt og áheyrilega. Átt góð samskipti, hlustað og sýnt víðeigandi kurteisi. Nýtt sér myndefni á gagnrýnin hátt. Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað Greint og fjallað um aðalatriði í texta. Lesið sér til ánægju og fróðleiks. Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð. Greint nokkur frásagnarform bókmennta þ.e.. sögumaður, söguvið og boðskapur. Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím og ljóðstafir. Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd. Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa. Beitt helstu atriðum stafsetningar- og greinamerkjasetningar. Skrifað texta á tölvu og beitt helstu aðgerðum í ritvinnslu. Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það. Hafi færni til að fletta upp orðum í orðabókum og/eða öðrum gagnabrunnum um	Lestur og lesskilningur. Ritun og sögugerð, nafnorð, lýsingarorð, sagnorð. Hlustun og áhorf. Stafsetning, OAO - orð dagsins, orðaskjóða, krossglíma- endurbirting, Bókmenntir, helgileikurinn.	<i>Orðspor 1(grunn- og vinnubók), Flökkuskinna, Völusteinn, Blákápa, Kóngar í ríki sínu, Mál til komið, (hætt að gefa út - til rafrænt). Málrækt 1, Skinna. Bókasafnarinn - verkefni eftir lestur bóka.</i>

		<p>mál. Geti greint mun á sérnöfnum og samnöfnum Þekki nafnorð. Þekki sagnorð. Þekki lýsingarorð.</p>		
Þrep 6	6. bekkur	6. bekkur - hæfnivíðmið - markmið	Áherslur, 6. bekkur	Námsefni, 6. bekkur
		<p>Tjáð sig skýrt og áheyrilega. Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skila það sem sagt er. Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda. Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnin hátt. Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum. Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi. Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað. Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð. Notað mismunandi aðferðir við lestur og skilnings á texta. Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann. Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð. Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, þ.e. sögumaður, umhverfi, sögusvið og boðskapur. Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, líkingu, persónugervingu og boðskap. Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna. Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum. Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd. Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun. Notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu. Beitt helstu atriðum stafsetningar- og greinamerkjasetninga. Skrifað texta á tölvu og beitt helstu aðgerðum í ritvinnslu. Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það. Hafi færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál. Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar og málsgreinar. Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu. Þekki nafnorð. Þekki sagnorð. Þekki lýsingarorð.</p>	<p>Ritun og sögugerð, lestartækni, framsögn, stafsetning, lesskilningur og lesfimi. Hlustun og áhorf. OAO Læra valin ljóð - ferskeytlur.</p>	<p><i>Orðspor 2 (grunn- og vinnubók),, Söguskinna, Rauðkápa, Benjamín dúfa, Grillaðir bananar, Mál í móttun, (hætt að gefa út - til rafrænt). Málrækt 2.</i></p>
Þrep 7	7. bekkur	7. bekkur - hæfnivíðmið - markmið	Áherslur, 7. bekkur	Námsefni, 7. bekkur
		<p>Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar. Hlustað af athygli og greint frá aðalatriðum í texta. Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda. Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnin hátt.</p>	<p>Lestur og lesskilningur. Rökræður og tjáning. Ritun og stafsetning. Framsögn, Stóra upplestrarkeppnin. Þjóðsögur.</p>	<p><i>Orðspor 3 (grunn- og vinnubók), Töfraskinna, Málrækt 3, Mál er miðill, (hætt að gefa út - til</i></p>

		<p>Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum. Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi. Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi. Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. Lagt mat á texta og túlkað. Greint og fjallað um aðalatriði við lestur og skilning á texta og notað mismunandi lestaraðferðir. Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta. Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, s.s. þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglíngum. Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, líkingu, persónugervingu og boðskap. Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna. Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær. Lagt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga. Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd. Beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta. Notað orðabækur. Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun. Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar. Lesið texta, skoðað hann og nýtt við eigin ritun. Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu. Geti vísað til heimilda í verkefnum. Skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga. Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það. Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti. Gert sér grein fyrir margræðni orða. Nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun. Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál. Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra. Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta. Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins. Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, tala og ritað. Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta. Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu. Þekki nafnorð. Þekki sagnorð. Þekki lýsingarorð.</p>	<p>Ritvinnsla. OAO</p>	<p>rafrænt). <i>Bókmenntir: Leikur á borði, Eldgos í garðinum, Svarta nöglin, Röndóttir spóar, Galdrasteinn. Áfram Óli - smásögur.</i></p>
<p>Þrep 8</p>	<p>8 .bekkur</p>	<p>8. bekkur, hæfniviðmið/markmið</p>	<p>Áherslur, 8. bekkur</p>	<p>Námsefni, 8. bekkur</p>

		<p>Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega. Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi og gert sér grein fyrir því hvað er viðeigandi við mismunandi aðstæður. Lesið almenna texta af öryggi, skilið þá, lagt mat á þá og túlkað. Valið sér lesefni til gagns og ánægju, gert sér grein fyrir gildi þess að lesa. Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eflit eigið læsi. Beitt reglum um réttitun, náð góðu valdi á stafsetningu. Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi. Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, mótað málsgreinar og efnisgreinar. Beitt grunnhugtökum í bókmenntafræði. Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar bókmenntir. Valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið. Gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt sér reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun. Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum fallorðaflokka, gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra. Áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og beitt sköpunarmætti tungumálsins við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap. Flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.</p>	<p>Bókmenntir 2 x ritdómur, bók sem hæfir aldri. Þjóðsögur. Hlustun - bókmenntir. Bókakynningar nemenda. Íslendinga saga. Stafsetning. Fallorð. Lesskimun (EJ). Lestur og lesskilningur OAO - krossglíma og endurbirting. Orðtök og málshættir. Áhorf.</p>	<p><i>Kveikjur, Sérðu það sem ég sé, , Draugaslóð, Málið í mark - fallorð. Kjalnesingar saga. Trunt, trunt og tröllin - þjóðsögur. Áhorf - Mýrin, (Gunnlaugs saga). (Ormstunga).</i></p> <p><i>Aukaefni: Skerpa I, Mályrkja I</i></p>
Prep 9	9. bekkur	9. bekkur, hæfniviðmið/markmið	Áherslur, 9. bekkur	Námsefni, 9. bekkur
		<p>Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega, tileinkað sér viðeigandi talhæða og fas. Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar; ýmist í töluðu máli, leiknu efni, upplestri og tónlist, til fróðleiks og skemmtunar. Tekur virkan þátt í samræðum og rökraðum, tjáir skoðanir sínar og rökstyður þær með ýmsum hætti. Gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því. Unnið úr og túlkað tölulegar og myndrænar upplýsingar. Notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið. Lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum. Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar bókmenntir. Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði. Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi. Beitt ritvinnslu af öryggi og gengið frá texta. Samið texta frá eigin brjósti. Gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt. Getur nýtt þekkingu sína í íslenskrí málfræði við nám í erlendum tungumálum. Getur notað algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt. Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum sagnorða og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra. Flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.</p>	<p>Bókmenntaritgerð - unglingsbók. Útvarpsleikrit - hlustu. Milljón holur (Holes) -lestur, áhorf. Ljóðavinna - hugtök. Íslendinga saga. Bókakynningar nemenda. Fjölbreytt textagerð. Sagnorð. Allar stafsetningarreglur. Lestur og lesskilningur. OAO - krossglímur, hugtakakort og endurbirting. Orðtök og málshættir.</p>	<p><i>Neistar, Með fjarðabliki, Milljón holur, Laxdæla, Málið í mark - sagnorð. Krossgötur - leikrit. Áhorf - Ungfrúin góða og húsið, Órói, Núi albinói skv. Með fjaðrabliki.</i></p> <p><i>Aukaefni: M.a. Skerpa II, Mályrkja II</i></p>
Prep 10	10. bekkur	10. bekkur, hæfniviðmið/markmið	Áherslur, 10. bekkur	Námsefni, 10. bekkur

	<p>Gerir sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar með tilliti til áherslu, tónfalls og hrynjandi.</p> <p>Nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.</p> <p>Valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur.</p> <p>Greint og skilið aðalatriði og aukatriði í margskonar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.</p> <p>Leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðuleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess.</p> <p>Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi þeirra.</p> <p>Gert sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta til að auðga mál sitt.</p> <p>Beitt grunnhugtökum í bókmenntafræði.</p> <p>Gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.</p> <p>Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.</p> <p>Skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðlar samningu við hann.</p> <p>Valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá eins og reglur kveða á um.</p> <p>Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli.</p> <p>Samið texta frá eigin brjósti og beitt ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.</p> <p>Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og fóst orðasambönd til að auðga mál sitt.</p> <p>Áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál</p> <p>Beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap.</p> <p>Gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni.</p> <p>Áttað sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállyskna.</p> <p>Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.</p> <p>Þekki og beiti helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.</p> <p>Flett upp í handbókum, orðasófnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.</p>	<p>Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins.</p> <p>Bókmenntaritgerð - fullorðinsbók eftir íslenska höfund.</p> <p>Íslendinga saga.</p> <p>Bókakynningar nemenda.</p> <p>Óbeygjanleg orð. Setningafræði.</p> <p>Áhorf -hlustun.</p> <p>Valverkefni - desember.</p> <p>Lestur og lesskilningur</p> <p>OAO - krossglíma og endurbirting.</p> <p>Orðtök og málshættir.</p>	<p><i>Logar, Mér er í mun, Korku saga, Gísla saga, Málið í mark - óbeygjanleg orð.</i></p> <p><i>Gegnum holt og hæðir - þjóðsögur.</i></p> <p><i>Englar alheimsins</i></p> <p><i>Aukaefni: Skerpa III, Mályrkja III</i></p>
--	--	---	---